

## ICELANDAIR: BIRTING UPPGJÖRS 1. ÁRSFJÓRÐUNGS 2024

---

- Heildartekjur jukust um 11% á milli ára og námu 35,8 milljörðum króna (259,0 milljónum USD)
- Metfarþegatekjur sem námu 27,5 milljörðum króna (199,0 milljónum USD), upp um 17% frá fyrra ári
- Einingakostnaður lækkaði um 5%
- Flotaendurnýjun og aukin skilvirkni í rekstri höfðu áhrif til lækkunar á einingakostnaði
- EBIT afkoma neikvæð um 9,5 milljarða króna (68,9 milljónir USD) samanborið við 8,5 milljarða (61,6 milljónir USD) í fyrra og er lækkunin að mestu vegna jarðhræringar á Reykjanesi, einkum í janúar
- Jákvæður viðsnúningur í fraktstarfsemi nam 535 milljónum króna (3,8 milljónum USD)
- Framboð jókst um 21% í farþegaleiðakerfinu, með áherslu á arðbæra markaði
- Fjöldi farþega var 757 þúsund og fjölgaði um 14%
- Fjöldi farþega til Íslands 284 þúsund
- Sterk lausafjarstaða í lok fyrsta ársfjórðungs, 57,4 milljarðar króna (411 milljónir USD)

## BOGI NILS BOGASON, FORSTJÓRI ICELANDAIR

---

„Afkoma fyrsta ársfjórðungs var í takt við væntingar okkar en rekstrarniðurstaðan í janúarmánuði litaðist af áhrifum alþjóðlegrar umfjöllunar um eldgos á Reykjanesi. Við nýttum þann mikla sveigjanleika sem félagið býr yfir til að laga sætaframboð að markaðsaðstæðum og jukum fjölda tengifarþega um 48% með aukinni áherslu á þann markað þar sem markaðurinn til Íslands dróst lítið eitt saman.

Tekjumyndun var áfram góð og fjórðungurinn var tekjuhæsti fyrsti ársfjórðungur í sögu félagsins. Þrátt fyrir að framboðs aukning á ákveðnum mörkuðum hafi sett þrýsting á fargjöld og sætanýtingu, var áherslan í framboðs aukningu Icelandair hins vegar fyrst og fremst á markaði sem skila félaginu góðum tekjum og arðsemi. Við náðum árangri í lækkun einingakostnaðar, eða um 5%, en herra hlutfall hagkvæmari flugvéla, stærðarhagkvæmni og meiri skilvirkni í rekstrinum hafði áhrif til lækkunar. Við náðum jafnframt framúrskarandi árangri í stundvísi sem er einnig lykilkáttur í að draga úr kostnaði sem og stuðla að ánægju farþega.

Mikill viðsnúningur hefur orðið í fraktstarfsemi okkar sem skilaði rekstrarhagnaði í fjórðungnum og er útlitið gott fyrir árið í heild. Leiguflugíð skilaði áfram góðri afkomu en sú starfsemi skilar mikilvægum tekjum og arðsemi inn í félagið og dregur úr áhrifum árstíðasveiflu með bættri nýtingu flota og áhafna allan ársins hring.

Árið 2023 lauk endurreisn Icelandair eftir heimsfaraldurinn og reksturinn skilaði hagnaði á ný. Nú í ár er áhersla okkar fyrst og fremst á aðgerðir til að ná fram aukinni skilvirkni í rekstrinum, lækka kostnað og styrkja tekjumyndun enn frekar. Við höfum þegar gripið til fjölmargra aðgerða, til dæmis einfaldað skipulag félagsins og fækkað stjórnendum og útvistað starfsemi flugeldhússins í Keflavík sem er eitt stærsta framleiðslueldhúss landsins, með um 200 stöðugildi. Þá er vinna hafin að fjölmörgum öðrum verkefnum til að auka skilvirkni.

Með þessar áherslur að leiðarljósi gerum við ráð fyrir auknum hagnaði eftir skatta fyrir árið í heild og erum á réttari leið til að ná langtímamarkmiðum okkar. Ég vil þakka starfsfólki okkar fyrir frábært starf í undirbúningi fyrir háönnina og viðskiptavinum okkar fyrir að velja Icelandair. Við hlökkum til ferðalagsins framundan.”

## VEFÚTSENDING 24. APRÍL 2024

---

Kynning á uppgjöri 1. ársfjórðungs ársins 2024 verður í beinu streymi á <https://icelandairgroup.com>. Streymið hefst kl. 8:30 miðvikudaginn 24. apríl 2024 þar sem Bogi Nils Bogason forstjóri Icelandair og Ívar S. Kristinsson framkvæmdastjóri fjármála munu fara yfir uppgjörið og svara spurningum. Fundurinn verður á ensku. Kynningin verður aðgengileg að fundi loknum á heimasíðu félagsins og undir fyrirtækjafréttum á heimasíðu Nasdaq Nordic: <http://www.nasdaqomxnordic.com/news/companynews>

## LYKILTÖLUR

		1. ársfj. 24	1. ársfj. 23	Breyting
<b>Rekstrarniðurstaða</b>				
Rekstrartekjur	USD þús.	258.961	233.255	25.706
þar af farþegatekjur	USD þús.	198.862	170.540	28.322
Rekstrarkostnaður	USD þús.	294.292	265.341	28.951
EBIT	USD þús.	-68.892	-61.625	-7.267
EBT	USD þús.	-72.655	-65.102	-7.553
Tap eftir skatta	USD þús.	-59.417	-49.132	-10.285
<b>Efnahagur og sjóðstreymi<sup>1</sup></b>				
Eignir	USD þús.	1.703.251	1.527.676	175.575
Eigið fé	USD þús.	233.343	288.347	-55.004
Vaxtab. skuldir og nettó leiguskuldb.	USD þús.	645.672	638.580	7.092
Nettó vaxtab. skuldir og leiguskuldb.	USD þús.	246.799	352.372	-105.573
Heildar lausafjárstaða	USD þús.	411.297	322.522	88.775
Handbært fé frá rekstri	USD þús.	147.102	154.414	-7.312
Fjárfestingar, brúttó	USD þús.	32.074	49.122	-17.048
Fjárfestingar, nettó	USD þús.	32.028	48.827	-16.799
<b>Helstu kennitölur</b>				
Hagnaður á hlut	US sent	-0,14	-0,12	-0,02
Eiginfjárhlutfall	%	13,7%	18,9%	-5,2 ppt
EBIT %	%	-26,6%	-26,4%	-0,2 ppt
Einingatekjur <sup>2</sup>	US sent	7,25	7,65	-5%
Meðalverð (yield)	US sent	8,51	8,63	-1%
Einingakostnaður <sup>2</sup>	US sent	9,88	10,41	-5%
Einingakostnaður án eldsneytis <sup>2</sup>	US sent	7,88	8,01	-2%
<b>Flutningatölur</b>				
Flugferðir	fjöldi	3.367	2.867	17%
Farþegar	fjöldi	756.963	664.717	14%
Farþegar til Íslands	fjöldi	284.346	288.817	-2%
Farþegar frá Íslandi	fjöldi	149.321	137.947	8%
Farþegar um Ísland	fjöldi	262.382	177.010	48%
Farþegar innan Íslands	fjöldi	60.914	60.944	0%
Sætanýting	%	76,7%	77,8%	-1,1 ppt
Framboðnir sætiskm. (ASK)	millj.	2.859	2.355	21%
Seldir sætiskm. (RPK)	millj.	2.192	1.831	20%
Stundvísi millilandaflog (OTP)	%	84,4%	78,0%	6,4 ppt
Seldir frakt-tonn-km. (FTK)	þús.	39.402	43.233	-9%
Seldir blokk tímar	fjöldi	4.063	3.732	9%
CO2 losun á hvern tonnkilómetra	nr.	0,78	0,79	-1%
<b>Starfsmenn</b>				
Meðalfjöldi stöðugilda tímabilsins	fjöldi	3.438	3.092	11%
Stöðugildi í lok tímabils	fjöldi	3.325	3.172	5%

<sup>1</sup> Samanburðatölur fyrir efnahag eru frá 31.12.2023

<sup>2</sup> Einingatekjur/Einingakostnaður: Tekjur og kostnaður á hvern framboðinn sætiskilómetra (ASK) í farþegaleiðakerfinu

## FLUTNINGATÖLUR

---

- **Fjöldi farþega 757 þúsund á 1. ársfjórðungi, aukning um 14% á milli ára**
- **Fjöldi tengifarþega jókst um 48%**
- **Stundvísi 84,4% og batnar um 6,4 prósentustig**

Framboðs aukning í farþegaflugi Icelandair á fyrsta ársfjórðungi nam 21% á milli ára og var áhersla sett á áfangastaði í Norður-Ameríku þar sem eftirspurn hefur verið sterk. Farþegaflutningar, mældir í flognum farþegakílómetrum (e. Revenue Passenger Kilometers) jukust um 20%. Farþegar voru 757 þúsund á fjórðungnum samanborið við 665 þúsund á síðasta ári.

Markaðurinn til Íslands var stærsti markaður félagsins, með 38% af heildarfarþegafjölda. Alþjóðleg umfjöllun um eldgos á Íslandi undir lok síðasta árs hafði neikvæð áhrif á þróun bókana til landsins, sem endurspegladist í 2% fækkun farþega á þeim markaði á fjórðungnum á milli ára. Fjöldi farþega á N-Atlantshafinu jókst aftur á móti mikið eða um 48% og var sá markaður með 35% af heildarfarþegafjölda félagsins. Farþegum á markaðnum frá Íslandi fjölgaði um 8% og fjöldi innanlandsfarþega stóð í stað. Þessar tölur sýna skýrt sveigjanleika leiðakerfisins og hvernig félagið nær að aðlaga framboð að markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Sætanyting var 76,7% samanborið við 77,8% á síðasta ári. Nýtingin jókst á milli ára í febrúar og mars, en versnaði í janúar. Stundvísi var góð 84,4% og batnaði mikið eða um 6,4 prósentustig á milli ára.

Frakt tonn-kílómetrar drógust saman um 9% á milli ára, vegna minni flutningsgetu sem var hluti af aðgerðum sem farið var í til að bæta arðsemi fraktstarfseminnar. Flognir blokk tímar í fraktflugi drógust saman um 35% á milli ára er framboð var aðlagað að eftirspurn. Fjöldi seldra blokk tíma í leiguflugsstarfseminni jókst um 9% á milli ára. Kolefnislosun á hvern tonn-kílómetra á fjórðungnum lækkaði um 1% á milli ára.

## REKSTUR

---

- **Met farþegatekjur í fyrsta fjórðungi**
- **Jákvæður viðsnúningur í fraktstarfseminni**
- **Kostnaður vegna háannar að fjárhæð 5.5 milljónir USD gjaldfærður í fjórðungnum**

**EBIT** afkoma var neikvæð um 68,9 milljónir USD á fyrsta ársfjórðungi og versnaði um 7,3 milljónir USD á milli ára. Kostnaður vegna háannar var að hluta til gjaldfærður á fjórðungnum og er hann áætlaður um 5,5 milljónir USD. Alþjóðleg fjölmiðlaumfjöllun um jarðhræringarnar, ásamt umtalsverðri framboðs aukningu inn á ákveðna markaði til og frá Íslandi, hafði áhrif á rekstrarafkomu, sérstaklega í janúar, en arðsemi í febrúar og mars batnaði í samanburði við síðasta ár. Mikill viðsnúningur varð í fraktstarfsemi og skilaði hún lítilsháttar rekstrarhagnaði samanborið við 3,8 milljóna USD rekstrartap á síðasta ári.

**Heildartekjur** námu 259,0 milljónum USD á fyrsta ársfjórðungi 2024 og jukust um 11% á milli ára. **Farþegatekjur** námu 198,9 milljónum USD samanborið við 170,5 milljónir USD á síðasta ári og hafa aldrei verið hærrí á fyrsta fjórðungi. Farþegatekjur jukust á öllum mörkuðum en þó langmest á N-Atlantshafsmarkaðinum, þar sem farþegum fjölgaði um 48%. Farþegatekjur voru hæstar á markaðnum til Íslands sem var stærsti markaður félagsins með 38% af heildarfarþegum. **Tekjur af flugfrakt** námu 20,7 milljónum USD og lækkuðu um 13% á milli ára. Á seinni hluta síðasta árs var gripið til ýmissa aðgerða til að bæta afkomu af fraktstarfsemi sem nú eru farnar að skila árangri. Framboð var lagað að eftirspurn og einni fraktvél var komið í langtíma leiguflugsverkefni sem skýrir lækkun tekna á milli ára.

**Leiguflygstekjur** námu 19,3 milljónum USD og jukust um 1% á milli ára. **Aðrar tekjur** námu alls 20,1 milljónum USD og jukust um 1% á milli ára.

**Rekstrargjöld án afskrifta** námu 294,3 milljónum USD og jukust um 11% eða um 29,0 milljónir USD á milli ára. **Laun og launatengd gjöld** námu 94,5 milljónum USD samanborið við 78,7 milljónir USD á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs sem er aukning um 20%. Skýrist hækkunin af meira umfangi í starfseminni, samningsbundnum launahækkunum og styrkingu íslensku krónunnar á móti Bandaríkjadal, en launakostnaður er nær eingöngu í íslenskum krónum. Stöðugildi voru að meðaltali 3.438 í fjórðungnum og fjölgaði um 11% milli ára. Starfsemi flugeldhúss félagsins var úthýst frá 1. mars og fækkaði stöðugildum við það um 200 frá og með þeim mánuði. **Eldsneytiskostnaður** nam 64,1 milljón USD í fjórðungnum og lækkaði um 4% á milli ára þrátt fyrir 21% framboðs aukningu í farþegafluginu. Hagkvæmari floti, lægra markaðsverð á eldsneyti og losunarheimildum og jákvæð þróun eldsneytisvarna skýra lækunina. Vegið eldsneytisverð félagsins, að teknu tilliti til afgreiðsluálags og varna, nam 953 USD á hvert tonn og lækkaði um 13% samanborið við síðasta ár. Verð losunarheimilda lækkaði um 31%. **Annar flugtengdur kostnaður**, að meðtöldum afgreiðslu-, yfirflugs- og landingargjöldum og viðhaldskostnaði nam 54,6 milljónum USD og jókst einungis um 12% vegna hærri hlutfalls hagkvæmra Boeing 737 MAX flugvéla í flota félagsins og stærðarhagkvæmni. **Annar rekstrarkostnaður** var 81,1 milljón USD, og jókst um 9,9 milljónir USD eða 14% vegna meiri umsvifa í rekstri farþegaleiðakerfisins.

**Nettó fjármagnskostnaður** nam 3,3 milljónum USD á fyrsta ársfjórðungi og jókst um 0,4 milljónir USD samanborið við síðasta ár. Fjármunatekjur námu 8,0 milljónum USD og jukust um 1,7 milljónir USD á milli ára. Fjármagnskostnaður nam 11,4 milljónum USD og jókst um 2,1 milljón USD. Gengistap að fjárhæð 1,1 milljón USD var bókfært í fjórðungnum samanborið með gengishagnað að fjárhæð 1,6 milljónir USD á sama tímabili á síðasta ári.

**Einingatekjur**<sup>3</sup> á fyrsta fjórðungi 2024 námu 7,3 US sent og lækkuðu um 5% á milli ára. Eftirspurnarhrif af alþjóðlegri umfjöllun fjölmiðla um jarðhræringar og töluverð framboðs aukning á markaðnum til og frá Íslandi hafði neikvæð áhrif á einingatekjur, einkum í janúar. Meðalfargjald (e. yield) nam 8,5 US sentum og lækkaði um 1% á milli ára. **Einingakostnaður**<sup>4</sup> var 9,9 US sent, og lækkaði um 5% á milli ára. Jákvæð þróun varð í mörgum kostnaðarliðum. Bæting á stundvísi um 6,4 prósentustig leiddi til lækunar á kostnaði tengdum röskunum, svo sem bótakröfum og gistikostnaði farþega. Viðhaldskostnaður lækkaði á milli ára sem og flugafgreiðslukostnaður vegna áframhaldandi áherslu á skilvirkari rekstur. Einingakostnaður án eldsneytis, lækkaði um 2% á milli ára vegna hagkvæmari flugflota, aukins kostnaðaraðhalds og stærðarhagkvæmni í rekstri.

## EFNAHAGUR OG SJÓÐSSTREYMI

- **Eigið fé 233,3 milljónir USD og eiginfjárlutfall 14%**
- **Lausafé alls 411 milljónir USD**

### Efnahagsreikningur

**Heildareignir** námu 1,7 milljarði USD í lok fyrsta ársfjórðungs 2024 og jukust um 175,6 milljónir USD frá því í byrjun árs. Varanlegir rekstrarfjármunir námu 562,6 milljónum USD og leigueignir námu 345,0 milljónum. **Eigið fé** nam 233,3 milljónum USD og eiginfjárlutfall í lok fjórðungsins var 14%. **Vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar** námu alls 645,7 milljónum USD og jukust um 7,1 milljón USD frá því í byrjun árs, að mestu vegna flugvélatengdra fjárfestinga vegna einnar viðbótar B737 MAX

<sup>3</sup> Tekjur á hvern framboðinn sætiskílómetra (RASK) í farþegaleiðakerfinu

<sup>4</sup> Kostnaður á hvern framboðinn sætiskílómetra (CASK) í farþegaleiðakerfinu

8 flugvélar. **Nettó vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar** námu 246,8 milljónum USD og lækkuðu um 105,6 milljónir USD samanborið við upphaf árs vegna hærri sjóðsstöðu.

### Sjóðsstaða

**Handbært fé og markaðsverðbréf** námu 359,3 milljónum USD í lok fyrsta fjórðungs 2024 og hækkuðu um 88,8 milljónir USD á fyrsta fjórðungnum. **Nettó sjóðstreymi til rekstrar** á fjórðungnum nam 147,1 milljón USD. **Nettó fjárfestingahreyfingar** námu 10,5 milljónum USD. Fjárfestingar námu 32,0 milljónum USD og samanstóðu af viðhaldsfjárfestingum, einum hreyfli og fjárfestingum í nýjum höfuðstöðvum. **Nettó fjármögnunarhreyfingar** námu 26,5 milljónum USD vegna afborgana vaxtaberandi lána og rekstrarleiguskuldbindinga. Óádreagnar lánalínur félagsins námu 52,0 milljónum USD og að teknu tilliti til þeirra var **lausafjárstaðan** í lok mars 411,3 milljónir USD.

## HORFUR

---

### Fjölgun tengifarþega endurspeglar sveigjanleika og styrk leiðakerfisins

Eftirspurn á Atlantshafsmarkaðnum er áfram mikil og hefur hlutfall tengifarþega aukist til muna í samanburði við 2023. Endurspeglar sú breyting sveigjanleika og styrk leiðakerfis Icelandair. Bókanir til Íslands hafa verið hægari en í fyrra vegna áhrifa frá eldsumbrotunum á Reykjanesi til viðbótar við verðbólgu og aukna samkeppni við aðra áfangastaði. Gera má ráð fyrir að þessi breyting á samsetningu farþegaþópsins setji einhvern þrýsting á fargjöld. Eftirspurn frá Íslandi er stöðug milli ára. Eftirspurn eftir Saga Premium vöru Icelandair er áfram mikil. Þá gengur áfram vel í innanlandsfluginu þar sem horfur eru góðar inn í sumarið og eru ferðamenn í auknum mæli að nýta sér innanlandsflug.

### Metfjöldi tenginga í leiðakerfinu – yfir 790 borgarpör

Flugáætlun Icelandair árið 2024, mæld í framboðnum sætiskílómetrum, mun vaxa um ~10% milli ára og er áætlað að farþegar Icelandair verði um 4,7 milljónir árinu. Áhersla Icelandair er að vaxa inn á arðbæra markaði. Flogið verður til 57 áfangastaða, þar af eru þrír nýir sem bætast við leiðakerfið á öðrum ársfjórðungi – Pittsburgh, Halifax og Færeyjar. Metfjöldi tenginga verður í leiðakerfinu en ríflega 790 borgarpör verða tengd í sumar auk ótal annarra í gegnum samstarf við önnur flugfélög.

### Jákvæður viðsnúningur í fraktstarfsemi

Verulegur viðsnúningur er í afkomu fraktstarfseminnar og skilaði hún lítilsháttar rekstrarhagnaði (EBIT) á fyrsta ársfjórðungi. Viðsnúningurinn er til kominn vegna ýmissa aðgerða sem gripið var til á seinni hluta síðasta árs og snemma árs 2024. Þar má nefna útleigu á annarri af tveimur fraktflugvélum, breytingar á flugáætlun til að laga hana betur að markaðsaðstæðum og einföldun á skipulagi.

### Leigustarfsemi gengur vel

Horfur í leiguflugstarfsemi félagsins eru góðar, með hóflegum arðbærum vexti. Á öðrum ársfjórðungi verður viðbótarflugvél bætt hjá einum stærsta viðskiptavini félagsins sem þá verður með fimm vélar frá félaginu á leigu. Að auki hefur þriðju flugvélinni verið bætt við VIP farþegaflugflota félagsins til að mæta mikilli eftirspurn í þessum hluta starfseminnar.

### Endurnýjun flotans heldur áfram

Icelandair verður með 42 flugvélar í farþegaleiðakerfi sínu í sumar. Þar af 21 Boeing 737 MAX flugvél, þremur fleiri en sumarið 2023. Icelandair hefur þegar fengið eina af þessum vélum afhenta en von er á afhendingu hinna tveggja á næstu vikum.

### Hagkvæmni í rekstrinum efst á baugi árið 2024

Árið 2023 lauk enduruppbyggingu Icelandair eftir heimsfaraldurinn og skilaði félagið hagnaði á ný sem og met einingatekjum. Meðan á enduruppbyggingunni stóð var allt kapp lagt á að koma umsvifum í fyrra

horf og að endurbyggja og styrkja tekjummyndun félagsins. Nú árið 2024, er áhersla félagsins á aukna hagkvæmni og lækkun kostnaðar í rekstrinum, ásamt áframhaldandi fjárfestingum í tekjuinnviðum.

Síðustu mánuði hefur Icelandair þegar hrint í framkvæmd ýmsum breytingum í takt við þessa áherslu. Þar má nefna einföldun á skipulagi þar sem stjórnendastöðum var fækkað, útvistun á flugeldhúsi Icelandair á Keflavíkflugvelli, sem er eitt stærsta fyrirtæki landsins í matvælaframleiðslu með um 200 stöðugildi, auk þess að snúa við rekstrinum í fraktstarfsemi félagsins.

Icelandair mun halda áfram á sömu braut og meðal verkefna sem stuðla eiga að aukinni hagkvæmni eru að:

- Draga úr árstíðasveiflu í rekstrinum – þar sem horft er til þess að auka áherslu á útleigu flugvéla yfir lágönnina sem mun bæta rekstrarniðurstöðuna í veikustu ársfjórðungunum.
- Lækka gjöld vegna sölu og dreifingar og bæta stýringu enn frekar á framboð vara og verðlagningu þvert á dreifileiðir.
- Lækka kostnað vegna flugrasakana (IRROPS kostnað) með enn betri áætlanagerð og aukinni skilvirkni í viðhaldi.
- Lækka eldsneytiskostnað með enn frekari áherslu á að bæta ferla sem tengjast eldsneytisnýtingu.
- Endurskoða birgjasamninga.
- Auka sveigjanleika í kjarasamningum Icelandair til batnaðar fyrir bæði félagið og starfsmenn.

Til viðbótar horfir Icelandair áfram til þess að þróa sína sterku tekjuinnviði með áherslum á borð við að:

- Þróa leiðakerfið áfram, bæði með nýjum áfangastöðum og ríkari tengingum með aukinni tíðni og þróun tengibanka.
- Auka samstarf við önnur flugfélög en samstarfssamningar Icelandair skila ríflega 10% af tekjum félagsins. Icelandair hefur nýlega gengið frá samstarfssamningum við Emirates og Turkish Airlines og fleiri nýir samstarfssamningar eru á teikniborðinu.
- Auka pakkasölu sem byggir meðal annars á því að nýta sameiningu Icelandair við VITA, ferðaskrifstofu sem þjónustar íslenska markaðinn.
- Auka hliðartekjur með áframhaldandi þróun stafrænna dreifileiða og besta vöruframsetningu og sölu í gegnum allt ferðalag viðskiptavinarins.
- Auka umsvif á norðurslóðum, svo sem með flugi til Grænlands og Færeyja sem og í gegnum samstarfssamninga.

Jákvæð þróun hefur orðið á mikilvægum lykilmælikvörðum í rekstri Icelandair sem byggir undir góðan árangur til framtíðar. Mælingar á upplifun viðskiptavina sýna mikla ánægju með þjónustu, stundvísí síðustu mánuði hefur verið umfram 80% ársmarkmið félagsins og helgun starfsmanna mælist áfram mikil.

## Staða eldsneytisvarna

Taflan hér að neðan sýnir stöðu eldsneytisvarna félagsins 23. apríl 2024. Þar sést að 42% af áætlaðri notkun í leiðakerfi félagsins næstu tólf mánuði er varin á 832 USD vegnu meðalverði á hvert tonn.

Tímabil	Áætluð notkun	Magn varið í tonnum	% af áætlaðri notkun	Vegið meðal verð
2. ársfj. 2024	93.511	46.700	50%	844
3. ársfj. 2024	127.057	62.240	49%	832
4. ársfj. 2024	75.633	29.560	31%	823
<b>9 mánuðir</b>	<b>296.201</b>	<b>138.500</b>	<b>47%</b>	<b>834</b>
1. ársfj. 2025	59.517	11.010	18%	799
<b>12 mánuðir</b>	<b>355.718</b>	<b>149.510</b>	<b>42%</b>	<b>832</b>
2. ársfj. 2025	97.785	14.700	15%	798
3. ársfj. 2025	127.057	7.000	6%	833
<b>13-18 mánuðir</b>	<b>224.842</b>	<b>21.700</b>	<b>10%</b>	<b>809</b>

## AFKOMUSPÁ ÁRSINS 2024

Icelandair gaf út afkomuspá fyrir árið 2024 þann 2. apríl síðastliðinn. Gert er ráð fyrir að flugframboð, mælt í sætiskílómetrum aukist um ~10% frá fyrra ári. Áherslan er á að auka framboð inn á markaði sem hafa mikla tekju- og arðsemismöguleika. Vöxturinn var mestur á fyrsta ársfjórðungi eða um 21%. Gert er ráð fyrir um 9% vexti á öðrum og þriðja ársfjórðungi og 6% á fjórða ársfjórðungi. Miðað við afkomu fyrsta ársfjórðungs, núverandi bókunarstöðu og aðrar lykilorðsendur gerir félagið ráð fyrir að heildartekjur verði um 1,6 milljarður USD á árinu 2024. Gert er ráð fyrir að EBIT hlutfall verði um 2-4% af tekjum og að hagnaður eftir skatta aukist milli ára. Með skilvirkni í rekstri að leiðarljósi er Icelandair á réttri leið með að ná langtímamarkmiðum sínum.

Afkomuspá 2024, meginforsendur:

Heildartekjur USD ma.	Allt árið	~1.6
EBIT %	Allt árið	2-4%
Nettó fjárfestingar í USDm	Allt árið	~130-140
Framleiðslubreyting	Allt árið	~10%
Meðal eldsneytisverð USD m/t	2.-4. ársfj.	840
Vegið varið meðalverð USD m/t	2.-4. ársfj.	834
Hlutfall varið af áætlaðr notkuns í % (tonn)	2.-4. ársfj.	47%
Meðalverð útblástursheimilda per eining EUR	2.-4. ársfj.	65
Meðal gengi USD/ISK	2.-4. ársfj.	138

## FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

**Fjárfestar:** Íris Hulda Þórisdóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla. Netfang: [iris@icelandair.is](mailto:iris@icelandair.is)

**Fréttamiðlar:** Ásdís Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta og sjálfbærni. Netfang: [asdis@icelandair.is](mailto:asdis@icelandair.is)

## FJÁRHAGSDAGATAL

- **2. ársfjórðungur 2024 - 17. júlí 2024**
- **3. ársfjórðungur 2024 - 17. október 2024**
- **4. ársfjórðungur 2024 - 1. febrúar 2025**